



Akraneskaupstaður

Pórarinn Helgason  
Margrét Bára Jósefsdóttir

Suðurgata 45  
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti  
á netfangið baradoddi@simnet.is*

Akranesi, 16.08.2021  
2106193 HMÁ/bh

### **Grenndarkynning**

#### **Efni: Suðurgata 50a- Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 9. ágúst 2021 var fjallað um umsókn til skipulagsfulltrúa frá Runólfi Sigurðssyni byggingatæknifr. fyrir hönd lóðarhafa Suðurgötu 50a um að breyta húsinu í eina hæð með risi með tveimur íbúðum og að hluti 1. hæðar verði möguleiki á rými fyrir verslun og þjónustu.

#### **Bókun skipulags- og umhverfisráðs:**

*Skipulag- og umhverfisráð leggur til að byggingarleyfið verði grenndarkynnt skv. 1 mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/210. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum Suðurgötu 45, 48, 50 og Akursbraut 17 og 22.*

#### *44. gr. Grenndarkynning 2.mgr*

*Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar.*

Með vísun í 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst 18. ágúst til og með 15. september 2021.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Stillholti 16-18 mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið [skipulag@akranes.is](mailto:skipulag@akranes.is)



## Akraneskaupstaður

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofanskráð erindi skulu þær hafa borist skriflega í Þjónustuver Akraneskaupstaðar **eigi síðar en 15. september 2021**. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Halla Marta Árnadóttir  
skipulagsfulltrúi

---

Undirritaðir eigendur Suðurgötu 45 gera ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á Suðurgötu 50a.

Akranesi \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala